

**Nd.**

**544. Breytingartillögur**

**[173. mál]**

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Karli Guðjónssyni.

1. Við 1. gr.

a. 1. málsgr. orðist svo:

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í umdæmi sínu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu sveitarfélagsins. Þá er og einstökum bæjar- eða sveitarfélögum heimilt að mynda með sér félög um sameiginleg tryggingasvæði.

b. Í stað orðanna „bæjarsjóðs“ í 2. málsgr. og „bæjarstjórn“ í 3. málsgr. og síðar í frv. komi: bæjar- eða sveitarsjóðs — og: bæjar- eða sveitarstjórn.

2. Við 2. gr. Aftan við orðin „Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur“ komi: eða almennra samtaka iðgjaldagreiðenda.

3. Við 3. gr. Í stað orðanna „í bænum“ í lok síðustu málsgr. komi: á tryggingasvæðinu.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.